Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2022

Efni: Umsögn um drög að skýrslu starfshóps um smáfarartæki

Hopp ehf. hefur tekið til umsagnar drög að skýrslu um smáfarartæki sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 11. apríl síðastliðinn. Hopp telur þörfina á aðgerðum vegna slysa á smáfarartækjum mikla og fagnar frumkvæði ráðuneytisins með stofnun starfshópsins. Starfshópurinn setur fram sex tölusettar tillögur að úrbótum.

Sérstök flokkun á smáfarartækjum gæti mögulega einfaldað regluverk og gert almenningi kleyft að átta sig á ólíkum gerðum rafknúinna farartækja. Vert er þó að benda á að þróun á örflæði er mikil og hröð um þessar mundir. Of þröngar skilgreiningar á flokkun smáfarartækja og annarra virkra ferðamáta gæti staðið í vegi fyrir innleiðingu fjölbreyttra og umhverfisvænna ferðamáta í framtíðinni. Mikilvægt er að leita til sérfræðinga og skoða vel það úrval sem til er af stærð mótora og afls smáfarartækja áður en settar eru reglur um stærð þeirra.

Hopp hvetur starfshópinn til að setja mun meiri áherslu á forvarnir og aðra umferðarfræðslu en gert er í núverandi drögum. Rafskútur eru nýstárlegur ferðamáti fyrir okkur öll, ekki eingöngu ungmenni, og því nauðsynlegt að fræðslan nái til allra aldurshópa. Slík fræðsla mun þurfa að ná út fyrir aðalnámskrá grunnskólanna ef hún á að bera árangur. Samgöngustofa hefur gegnum tíðina verið með stórar herferðir varðandi öryggi fyrir ólík farartæki eins og bíla og mótorhjól sem hafa skilað mælanlegum árangri. Tilvalið er að beina athyglinni næst að fjölbreyttum samgöngum eins og örflæðilausnum. Hopp telur að forvarnir og fræðsla muni koma til með að vera mun öflugra tól í baráttunni gegn slysum en boð og bönn.

Hopp hefði gjarnan vilja sjá starfshópinn fjalla um aðgerðir til að gera umferðarmannvirki hentugri til að takast á við virka ferðamáta. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að notendur smáfarartækja eru mun líklegri til að slasast vegna misfella á yfirborði og vega holur og gangstéttarkantar þar þyngst. Að sama skapi hafa rannsóknir sýnt að lítið er um slys á

notendum smáfarartækja þegar þeim er ekið á hjólastígum eða öðrum aðskildum rýmum. Í ljósi þeirrar fjölgunar sem hefur orðið í notkun á reiðhjólum og rafskútum er ljóst að stórfelld aukning hjólastíga er skynsamleg leið til að takast á við þau slys sem fylgja breyttum ferðavenjum. Því er mikilvægt að hvetja sveitarfélög til enn frekari innviðauppbygginga á hjóla og göngustígum.

Hopp telur að það muni auka öryggi að leyfa rafskútum að aka um á götum þar sem er 30 km. hámarkshraði, því rafskútur fara hraðar en gangandi vegfarendur. Hámarkshraði á rafskútum er 25 km/klst og því ætti að vera lítill hraðamismunur á milli þeirra og annarra farartækja á götum með 30 km hámarkshraða.

Í lokin viljum við ítreka mikilvægi þess að rafskútan fái meira pláss hjá öllum sveitarfélögunum landsins og að gerðar verði merkingar fyrir rafskútustæði við allar hjólagrindur, við allar opinberar byggingar og við stoppistöðvar almenningssamgangna. Einnig er mikilvægt að gerð verði útskot fyrir rafskútur á fjölförnum gatnamótum hjóla og göngustíga.

f.h. Hopp ehf.

Eiríkur Rafn Rafnsson